

Nd.

567. Frumvarp til laga

[237. mál]

um sjóð til aðstoðar við þróunarríkin.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Benedikt Gröndal, Jónas Árnason, Jón Skaftason.

1. gr.

Stofna skal opinberan sjóð, er beri heitið „Þróunarsjóður“.

Hlutverk sjóðsins skal vera:

1. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um ráðstöfun fjár, sem á hverju ári er veitt á fjárlögum til aðstoðar við þróunarlöndin, og gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um fjárframlög í því skyni.
2. Að skipuleggja þátttöku Íslands í framkvæmdum í þágu þróunarlanda á vegum Sameinuðu þjóðanna.
3. Að vinna að skipulagningu framkvæmda í þágu þróunarlanda, er kostaðar kunna að vera af íslenska ríkinu, annaðhvort einu saman eða í samstarfi við aðra innlenda eða erlenda aðila.
4. Að vera til ráðuneytis opinberum aðilum og einkaaðilum, er hafa með höndum hjálparstarfsemi í þágu þróunarlanda.
5. Að veita upplýsingar um allt, er snertir aðstoð við þróunarlöndin.
6. Að rannsaka möguleika á því, að Ísland taki þátt í menntun ungs fólks frá þróunarlöndum, bæði með því að veita því aðgang að héraendum skólastofnunum og með því að fá hæfa, íslenska menn til þess að annast kennslu við erlendar menntastofnanir, er reknar eru í þágu þróunarlanda.
7. Að vinna með öðru móti að kynningu á högum þróunarlanda, áhuga á aukinni aðstoð Íslands við þau og auknu samstarfi við þau.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 7 mönnum, er sameinað Alþingi kýs, en utanríkisráðherra skipar formann úr hópi þeirra.

3. gr.

Stjórninni er heimilt að ráða sjóðnum starfsmann, er hefur sérþekkingu á mál-efnum þróunarlanda og alþjóðlegum stofnunum, er starfa að málefnum þeirra.

4. gr.

Kostnaður við stofnunina greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlagaheimild hverju sinni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eitt stærsta vandamál heimsins nú á dögum er tvímælalaust hið ört vaxandi bil milli ríkra þjóða og snauðra. Sú staðreynd, að um 1400 milljónir íbúa jarðar svelta og um 950 milljónir skortir nauðsynleg næringarefni, meðan auður fárra iðnaðarþjóða vex stöðugt, er meiri ógnun við heimsfriðinn í framtíðinni en nokkur deilumál þjóða í milli.

Hin ört vaxandi fólksfjölgun, sérstaklega í þróunarlöndunum, á mikinn þátt í eynd og þjáningu íbúanna. Árið 1960 voru íbúar jarðar 3 milljarðar, en 1965 voru þeir orðnir 3.3 milljarðar. Á fyrstu sextíu árum þessarar aldar hefur íbúafjöldi jarðar nær tvöfaldast, og ef mannkyninu fjölgar jafnmikið á ári og undanfarið, má búast við tvöföldun á 35 ára fresti.

Hinn sveltandi hluti heimsins hlýtur að rísa gegn hinum auðugu þjóðum, ef hinar síðarnefndu breyta ekki algjörlega um afstöðu gagnvart fátæku þjóðunum og

veita þeim réttlátan hlut í auðæfum heimsins í stað stöðugs arðráns. Undirstaða auðlegðar flestra iðnaðarþjóða er lágt verð hráefnis og ódýrt vinnuafli í þróunarlöndunum. Má benda á, að heimsmarkaðsverð á hráefnum og matvælum, sem er aðalútflutningur þróunarlandanna, lækkaði úr 27% árið 1953 í 19.3% árið 1966 og þessi lækkun heldur áfram.

Samkvæmt upplýsingum Efnahags- og framfarastofnunar Sameinuðu þjóðanna munu meðaltekjur hvers manns í þróunarlöndunum hafa verið 190 dollarar árið 1965, en tekjur hvers manns í hinum þróuðu ríkjum voru 2200 dollarar það ár. Íbúafjöldi þróunarlandanna var þá 1.6 milljarðar, en 588 milljónir í hinum þróuðu ríkjum.

Reiknað er með því, að tekjur hvers manns í þróunarlöndunum aukist um 1.4% á ári fram til 1970 og verði þá komnar í 210 dollara. Á sama fimm ára tímabili er búizt við því, að tekjur hvers manns í hinum þróuðu ríkjum aukist um 3.3% á ári og nemi því 2610 dollurum árið 1970.

Árið 1960 samþykkti Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ályktun þess efnis, að hinar betur megandi þjóðir heims stefndu að því að láta 1% af þjóðartekjum sínum renna til aðstoðar við þróunarlöndin. Árið 1968 höfðu aðeins 4 iðnaðarþjóðir (Frakkland, Belgía, Holland og Bretland) náð þessu marki, og á sama tíma hafði heildaraðstoð ríkra þjóða við þróunarlöndin minnkað um 0.20%.

Aðstoð við þróunarlöndin hefur ekki verið samþykkt einu sinni á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, heldur oft, og er vitað, að sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum hefur verið í hópi þeirra sendinefnda, sem goldið hafa jáyrði við samþykkt þessarar ályktunar (en gert fyrirvara um 1% markið). Vissulega er því eðlilegt, að aðstoð Íslands sé byggð á grundvelli þessarar ályktunar, og þó að nú sé harðara á dalnum hjá okkur en oft áður, skiptir það litlu máli, þegar örbirgðin í þróunarlöndunum er höfð í huga og hið yfirvofandi hættuástand í þeim heimshluta.

Þegar rætt er um hlut Íslands í aðstoð við þróunarlöndin, er hollt að minnst þess, hve skammt er síðan hungurdauði ógnaði tilveru íslensku þjóðarinnar. Þá sættu Íslendingar á móta viðskiptakjörum og þróunarlöndin í dag. 90% íbúanna stunduðu landbúnað í dreifbýlinu, en innlendur iðnaður var eingöngu heimilis-iðnaður. Fæðingartalan var há, en dánartalan enn hærri. Það er ekki öld síðan Ísland bar öll einkenni þróunarlands, og enn í dag byggjum við afkomu okkar á einhæfum útflutningi hráefna. Því má segja, að söguleg reynsla þjóðarinnar skyldi okkur til að riða á vaðið og verða meðal fyrstu þjóðanna, er gera tilmæli Sameinuðu þjóðanna að veruleika. Slíkt næst aðeins með skipulegri aðstoð hins opinbera í krafti lagasetningar, en ekki eingöngu með fórnfúsu starfi einstaklinga eða félagsamtaka þrátt fyrir góðan vilja. Mikilvægt er, að mikill hluti væntanlegrar aðstoðar Íslands fari í gegnum Sameinuðu þjóðirnar eða hjálparstofnanir þeirra.